

Almennar upplýsingar

Opnunartími: Mánudaga til föstudaga, kl: 12:30—17:00

Opið er á skipulagsdögum skóla frá kl:8:00–17:00 (lokað er í vetrarfrii)

Heimsóknir: Foreldrar eru ávallt velkomnir í frístundaklúbbinn

Viðtalstímar: Foreldrar geta óskað eftir viðtalstíma hjá forstöðumanni

Mætingar: Mikilvægt er að afboða komu þátttakenda vegna veikinda eða annara forfalla **milli kl:12:00 og 13:00** í síma 480-6363. eða andrimar@arborg.is

Útivera: Nauðsynlegt er að þátttakendur séu klæddir eftir veðri.


Matarmál: Ætlast er til að þátttakendur hafi borðað hádegismat þegar þeir koma. Hjá 5. – 7. bekk er kaffitími 14.:30. Þátttakendur koma með sitt eigið nesti. Að lokinni síðdegishressingu ganga börnin frá eftir sig og aðstoða við annan frágang

Reglur: Við hjálpumst að. Við notum inniröddina. Við sýnum kurteisi. Við bjóðum öðrum með okkur í verkefni. Við tölum saman ef eitthvað er að.

Kostnaður. Hægt er að fá upplýsingar um gjaldskrá hjá forstöðumanni.

Lærðu eitthvað nýtt á hverjum degi

Frístundaklúbburinn



SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

Frístundaklúbburinn Kotið sími : 480-6363 - Glaðheimar, Tryggvagata 36
Félagsmiðstöðin Zelsíuz, sími: 480-1951 - Austurvegi 2a
Árborg, sími: 480-1900
E-mail: Eirikurs@arborg.is

Frístundaklúbburinn Kotið sími : 480-6363 -
Glaðheimar, Tryggvagata 36
Félagsmiðstöðin Zelsíuz, sími: 480-1951 - Austurvegi 2a
Árborg, sími: 480-1900
E-mail: Eirikurs@arborg.is

Frístundaklúbburinn

Frístundaklúbburinn er fyrir grunnskólanemendur í 5.—10. bekk sem eru með fatlanir. Meginmarkmið með frístundaklúbbnum er að efla og styrkja félagsleg tengsl og er það gert á meðal jafningja.

Markmið frístundaklúbbsins er að efla félagslegan þroska þátttakenda og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði. Að hafa góða samvinnu milli starfsfólks og foreldra. Að mæta þátttakendum á þeirra grundvelli og veita þeim þjónustu við hæfi.



Félagsmiðstöðin Zelsíuz

5. — 7. BEKKUR

Þátttakendur í 5. 6. og 7. bekk eru saman í starfi. Aðstaða þeirra er í Glaðheimum og er kölluð **Kotið**. Í starfinu er unnið að því að auka félagsfærni, samvinnu og góð samskipti í hóp. Unnið er í skipulögðu starfi sem og frjálsum tíma þar sem þátttakendur fá að velja sér verkefni



Kotið í Glaðheimum

eftir eigin áhugasviði. Markmið starfsins er að auka samvinnu og gæði félagslegs starfs hjá krökkum með fíttun. Unnið er með þarfir hvers einstaklings í huga og hvað honum hentar best í leik og starfi.

8. — 10. BEKKUR

Þátttakendur í 8. 9. og 10. bekk eru saman í starfi og hafa aðsetur í félagsmiðstöðinni **Zelsíuz**. Í Zelsíuz er unnið eftir dagskrá félagsmiðstöðvarinnar hverju sinni eða aðstaða félagsmiðstöðvarinnar nýtt eftir áhugasviði hvers og eins. Félagsmiðstöðin er öllum opin á daginn en sérstakur starfsmaður frístundaklúbbsins er til stuðnings fyrir þáttakendur hans. Í Zelsíuz er unnið að því að auka sjálfstæði og félagsfærni þátttakenda. Markmiðið er að þátttakendur auki sjálfstæði sitt, öryggi í hóp og hafi ánægju af því að vera í félagsstarfi.

Frístundaklúbburinn er til að:

Hafa gaman

Skemmta sér

Vera glaður

Læra nýtt

Prófa nýtt

Vera hamingjusamur

Nánari upplýsingar veitir Eiríkur Sigmarsson, forstöðumaður í síma 480-6363 & 480-1900 og tölvupósti Eirikurs@arborg.is.